

**53. fundur hverfisnefndar Holta- og Hlíðarhverfis  
haldinn í Glerárskóla 10.01.2012**

**Mættir:** Berglind Rafnsdóttir, Brynja Sigurðardóttir, Óskar Ingi Sigurðsson og Guðmundur Geirsson.

**Fundarefni.**

**Fundargerð.**

Berglind formaður fór yfir síðustu fundargerð, nefndarmönnum til glöggvunar.

**Afmælisár Akureyrarbæjar.**

Ræddar voru ýmsar hugmyndir um hvernig hverfisnefnd og íbúar kæmu að afmælinu og var ein hugmynd sérstaklega rædd. Ákveðið var að Berglind myndi byrja á smá rannsóknarvinnu og síðan verður tekin ákvörðun um framhaldið á næsta fundi hverfisnefndar.

**Vegagerð -undirgöng.**

Sent var erindi er varðar málun á undirgöngum í hverfinu og er beðið svars.

**Nýtt leiðarkerfi SVA tengt hverfinu.**

Nefndarmenn ræddu nýja kerfið og voru ánægðir með það að nær öllu leyti.

Einn galli er að mati nefndarmanna og er það reynsla barna nefndarmanna og þeirra sjálfra af skólastrætó í VMA og MA. Einn vagn er á þessari leið á morgnana og er hann yfirleitt orðinn vel troðinn um miðja leið, þyrftu að vera 2 vagnar! Þá hefur reynst erfitt að finna út hvernig þessi vagn gengur nema þá helst með því að hringja til SVA sem nefndarmenn hafa gert í sínu tilfelli, mætti bæta úr þessu einnig.

Ekki fleira rætt að svo stöddu.

Næsti fundur hverfisnefndar verður 7. febrúar 2012 kl. 18:00.

Ritað 10. janúar 2012

Brynja Sig.